

HREYFING LEIKSKÓLABARNA

HVER ER ÉG?



Aldur: 2-4 ára.

Áherslupáttur: Grunnhreyfingar - án tilfærslu.

Efniviður: Einhver rammi fyrir hvert barn – t.d. dagblaðsopna, motta, húllahringur.

Kennslufræðilegar leiðbeiningar: Ímyndunarleikurinn ræður ríkjum hér – það er ekkert eitt rétt. Aðaláherslan er að barnið framkvæmi æfingarnar eftir sínum hugmyndum en fyrirmælum leiðbeinanda í byrjun. Þegar börnin hafa framkvæmt nokkrar æfingar geta þau komið með tillögur.

Tími



Hvað?

Hvernig?

Hvers vegna?

Leikur: Dýragarðurinn

Hvað þarf að gera áður en dýragarður er opnaður – gefa dýrunum að borða, mjólka kýrnar, moka stúrnar, koma þeim út, vökva blómin o.s.frv.

Ímyndunar- og hlutverkaleikur þar sem frásögn ræður leiknum. Leiðbeinandi heldur leiknum gangandi með því að spyrja spurninga um vinnuna sem þarf að fara fram. Leiðbeinandi getur ögrað börnunum meira með því að bæta inn liðleika, styrk og þoli sem viðbót við athafnirnar.

Leikurinn gefur þeim sem leiðbeinir tækifæri til spinna skemmtilega sögu með ýmiskonar látbragði barnanna. Aðaláherslan er að hver hluti frásagnarinnar hafi hreyfingu. Ekkert eitt er rétt og allir hlutir og hreyfingar eiga rétt á sér.

Færniæfingar innan ramma

Spegill spegill – herm þú mér!

Geti þið:

- staðið á öðrum fæti og gert hring með fætinum.
- staðið á öðrum fæti og „skrifað“ fyrsta stafinn í nafninu ykkar.
- sett báðar hendur upp í loft og sest niður á rassinn án þess að hreyfa þær.
- sett hendur á brjóstkassa og sest niður á rass án þess að losa hendur.
- gert ykkur að bát – farið niður á kviðinn og haldið um ökkla.
- farið niður á fjóra fætur og lyft svo hægri fót og vinstri hönd á sama tíma.

Leiðbeinandi byrjar á því að vera spegillinn og börnin herma eftir. Gott að nota bæði orð og sýna. Eftir 4-5 æfingar þá parar leiðbeinandi börn saman.

Ögrið börnunum enn frekar með því að spyrja spurninga til viðbótar við hverja æfingu :

„getið þið fært ykkur“

- til hliðanna (hægri/vinstri)
- upp/niður
- hátt/lágt
- í hring
- hratt/hægt
- varlega/kröftuglega
- áfram/afturábak

Hvert barn hefur sinn stað til að framkvæma æfingarnar. Þessar æfingar reyna á jafnvægi.

Ágætt að byrja hverja æfinga á orðunum „getið þið“ og kallað þannig fram þeirra eigin sköpun, fremur en nákvæm fyrirmæli. Jafnframt er markvisst verið að vinna með magn- og afstöðuhugtök og íslenskt mál.

Færni til framtíðar



Umræða

Setjast niður í lokin og ræða um verkefni tímans. Góð regla er að hafa ávallt upphaf og endi tíma eins. Eykur öryggi barnanna, skilning á reglum og fyrirkomulagi.

Fá börnin til að nefna líkamsparta sem voru notaðir markvisst og hvernig þið gerðuð ákveðnar æfingar.

Vinna með vitsmunaproskann og íslenskt mál í tengslum við æfingarnar. Eykur orðaforða barnanna.